

**Tilkynning frá heilsugæslustöðvunum á
Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn ásamt lyfsölum Lyfju**

**Í ljósi neyðarstigs almannavarna vegna COVID-19 mun Heilbrigðisstofun
Norðurlands tímabundið loka almennri móttöku.**

Vegna fordæmalausra aðstæðna í samfélaginu í viðureign landsmanna við Covid-19 faraldurinn þá þurfum við að grípa til sérstakra aðgerða hér til að tryggja að hægt sé að sinna nauðsynlegustu þjónustu og um leið að reyna að tryggja að hvorki starfsfólk eða sjúklingar smitist við það að koma hér á stöðvarnar og í lyfsöllum. Því miður er aðeins einn starfsmaður í hverju fagi og smit einhvers þeirra gæti þýtt að stöðin yrði óstarfhæf í fleiri vikur og óvíst við þessar erfiðu aðstæður að hægt yrði að fá heilbrigðisstarfsfólk annars staðar frá til að sinna þjónustunni.

Þetta þýðir líka um leið að einungis er hægt að sinna nauðsynlegustu þjónustu.

Skólaheilsugæsla fellur niður og aðeins nauðsynlegasta ungbarna- og mæðraeftirlit

(konur komi einar) verður framkvæmt eftir mati hjúkrunarfræðinga/ljósmeðra á ástæðum.

Almennt rútinueftirlit verður látið bíða, svo sem sykursýkis- og blóðþrýstingseftirlit, nema það sé heilsufarslega óhjákvæmilegt.

Öllum skyndilegum alvarlegum veikindum verður sinnt eins og áður samkvæmt bestu getu.

Almennum blóðrannsóknnum er eingöngu sinnt í nauðsynlegustu tilfellum samkvæmt símtali.

Til að tryggja öryggi verða heilsugæslustöðvarnar læstar og engar biðstofur verða notaðar vegna smithættu. Engir stofutímar fyrir sjúklinga verða bókaðir að jafnaði nema eftir símtal við faglega starfsmenn heilsugæslunnar.

Aukin áhersla verður lögð á símaviðtöl og símaráðgjöf.

Varðandi almennar upplýsingar um Covid-19 og tengd mál, svo sem sóttvörn, þá vísum við á greinargóðar upplýsingar á vef landlæknis www.landlaeknir.is.

Neyðartilfelli skal eins og áður tilkynna í síma 112.

Lyfseðlar verða eins og áður afgreiddir gegnum símabeiðnir, einnig má biðja um lyfjaendurnýjanir á vefnum www.heilsuvera.is.

Komi fólk á stofu læknis skal það koma eitt, ef um börn er að ræða þá komi aðeins annað foreldrið með.

Þar sem útidyr verða læstar skal fólk hringja aðalnúmer viðkomandi heilsugæslu þegar komið er dyrunum. Sé fólk með sýkingar í öndunarfærum, hafi verið kvefað eða verið í tengslum við einstakling sem þegar er veikur af Covid-19, þá þarf meta sérstaklega viðbrögðin við því áður en sjúklingur kemur inn á heilsugæslustöð. Hringja þarf í aðalnúmer heilsugæslu á hverri starfsstöð til að opnað sé fyrir sjúklingi.

Lyfsala fer einnig fram gegnum símtal við afgreiðslufólk Lyfju á hverjum stað. Afgreiðslan tekur til lyf og annað sem viðkomandi kaupir í apótekinu og gengur frá greiðslu. Lyfin verða svo afhent við dyrnar á heilsugæslunni þegar fólk tilkynnir sig þar í símanúmer Lyfju á hverri stöð fyrir sig.

Þetta eru harðar aðgerðir við fordæmalausar aðstæður til að tryggja að hægt sé að veita áfram alla nauðsynlegustu þjónustu og vonast er til að þetta ástand vari sem allra styst og með sameiginlegu átaki og ábyrgð okkar allra tekst það.